



Vírinn - 13. tbl. 1. desember 2011

Fréttir um upplýsingatækni frá Áhættuþjónustu Deloitte hf.

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte hf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Er tölvupósturinn á undanhaldi?

Margir kannast við hversu mikill tímaþjófur óþarfa tölvupóstur getur verið, en nú hefur eitt fyrirtæki ákveðið að stefna að tölvupóstlausum vinnustað innan 18 mánaða. Magnið af tölvupósti sem ekki telst nytsamlegur er of hátt, og tíminn sem sá póstur krefst er of mikill. Jafnvel þekktist að starfsmenn eyði fundum í að lesa og senda tölvupóst, og óska síðan eftir tölvupóstum um efni fundarins til að vita um hvað var rætt. Ljóst er að það stefnir í óefni og nauðsynlegt að bregðast við. Þá er bara að sjá hvort fleiri fyrirtæki of stofnanir fylgi í kjölfarið. [Meira](#)

Bretar kynna nýja netvarnarstefnu:

Nýlega hafa Bretar kynnt nýja netvarnarstefnu (Cyber-Security Strategy). Margt kemur fram í þessari stefnu sem vert er að taka eftir, en eitt það helsta er sú ákvörðun að skapa samræðugrundvöll milli opinberra- og einkafyrirtækja um málefni netógnna. Bretar hafa ekki lög um uppljóstrun þegar tölvuinnbrot á sér stað, en vonast er til að þessi grundvöllur veiti tækifæri til að láta stjórnvöld vita af slíkum innbrotum án þess að þurfa að hljóta þá opinberu skómm sem oft virðist fylgja þessu. Einnig er vonast til að þessi samhæfing muni auka varnir fyrir grunninnviði landsins. Hér er hugsanlega komin mjög góð fyrirmynd af samstarfi sem hægt er að setja upp í öðrum löndum heimsins. [Meira](#)

Allir vilja að notendur séu öruggir á netinu:

Google hefur sett upp síðu sem stefnir að því að auka öryggi á netinu. Miðað við hversu oft notendur láta blekkjast á netinu er vert að rifja upp gamlar og góðar reglur til að stuðla að öryggi. Regla númer 1 er að hafa sterk lykilorð að öllum aðgöngum, og þá sérstaklega þeim sem geyma verðmætar upplýsingar. Önnur regla er að nýta sér möguleika á auknu öryggi. Þriðja reglan er að vera alltaf með uppfærða tölvu. Fjórða reglan er að ef eitthvað lítur of vel út, þá er það líklega svindl. Fimmta reglan er að skanna tölvuna reglulega með góðum og gildum vörnum. [Meira](#)

Enn að koma upp Facebook óværa:

Danska stofnunin CSIS hefur fundið enn eina útgáfuna af Facebook óværu, og þessi er ekki ósvipuð þeim fyrri. Tölvur eru sýktar með Facebook spjallinu þar sem það virðist vera að koma mynd en er í raun hugbúnaður sem keyrir á tölvunni og sykir. Þá fer hin nýsykta tölva einnig að senda slík skilaboð auk þess sem reynt er að stela upplýsingum úr tölvunum. Þá er einnig komin sú virkni að ekki er hægt að keyra og greina óværuna í sýndarvélum. Það áhugaverða hlýtur hins vegar að vera að ólíklegt er að þessi tegund óværu væri enn jafnalgeng og raun ber vitni ef hún væri ekki að virka. Þess vegna er vert að ítreka enn einu sinni að ekki ætti að smella á hvaða hlekki sem er. [Meira](#)

Hver er algengustu fyrirsagnir ruslpósts?

Nú er búið að greina hverjar eru algengustu fyrirsagnir (Subjects) á ruslpósti. Websense er búið að fara í gegnum mikið magn af ruslpósti og hefur komist að því að það algengasta viðkemur pöntunum (d. Order N243477), síðan koma mál tengd miðum (d. Sektir eða flugmiðar), þarnaest koma flutningsfyrirtæki (d. USPS Invoice copy ID46298). Það næsta er einfaldlega TEST og það síðasta er tengt við skatt eða kvittanir vegna fjármagnsflutninga. (D. Your Wire Transfer) Vert er að taka eftir að hvergi er minnst á Viagra eða berar konur. Það hlýtur þá helst að vera að öllum sé að verða ljóst að slíkar aðgerðir virka minna en áður, og þess vegna eru aðrar aðferðir reyndar. [Meira](#)

"Deloitte" is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð Deloitte á sviði upplýsingakerfa og upplýsingaöryggis veitir:

Tryggvi R. Jónsson
GSM: 860-3177



tryggvi.jonsson@deloitte.is